

Mál nr. 248/2017**M og
vátryggingafélagið V1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
vátryggingafélagið V2 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.****Árekstur á bifreiðastæði við Borgarholtsskóla 23.11.2016.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, móttakið 20.7.2017, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V1, dags. 3.8.2017, ásamt úrskurðum nefndarinnar í málum 367/2016, 310/2014, 217/2011, 291 og 258/2010 og 360/2009.

Bréf V2, dags. 3.8.2017.

Málsatvik.

Í tjónstilkynningu kemur fram að árekstur varð með bifreiðum A og B á bifreiðastæði við Borgarholtsskóla. Ökumaður bifreiðar A kveðst hafa bakkað úr stöðureit á bifreiðastæðinu og hafi síðan verið að aka af stað beint áfram þegar bifreið B hafi verið ekið af stað aftur á bak og lent í hlið bifreiðar A. Ökumaður bifreiðar B segist hafa snúið í norður, hafi litið aftur fyrir sig og ekki séð neitt og þá bakkað út en lent í hægri hlið bifreiðar A. M telur að ökumaður bifreiðar B beri alla ábyrgð á árekstrinum þar sem þeirri bifreið hafi verið bakkað á bifreið A sem hafi þá verið kyrrstæð og búin að bakka.

V1 tekur undir sjónarmið M og vísar til framburðar ökumanns bifreiðar A um að hann hafi verið búinn að bakka og um það bil að aka áfram þegar árekstur varð og hafi bifreið hans verið búin að vera kyrrstæð nægilega lengi að það eigi að hafa áhrif á sakarskiptingu. V1 vísar einnig til þess að framburður ökumanns bifreiðar B bendi til þess að hann hafi ekki gætt nægilega að sér áður en hann bakkaði. Í bréfi V1 er vísað til nokkurra úrskurða nefndarinnar þar sem það telur aðstæður sambærilegar, þ.e. að sá ökumaður sem bakki í hlið annarrar bifreiðar hafi ekki orði neins var áður en hann hafi bakkað á þá bifreið. V2 telur að skipta eigi sök til helminga og að á báðum ökumönnum hafi hvílt skylda til að gæta að sér þegar þeir bökkuðu, sbr. fyrirmæli í 1. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Álit.

Eins og kemur fram í úrskurði nefndarinnar í máli nr. 367/2016 verður, við mat á því hvort ökumenn bifreiða A og B hafi gætt nægilegrar varúðar gagnvart annarri umferð við akstur aftur á bak, sbr. háttarnisreglu í 1. gr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, að líta annars vegar til framburðar þeirra um aksturinn sem og annarra gagna málsins. Framburður ökumanns bifreiðar B sýnir fram að hann hafi athugað með umferð og síðan bakkað og ekki orðið var við bifreið A. Í framburði ökumanns bifreiðar A kemur hins vegar fram að hann hafi lokið við að bakka og verið aka af stað þegar árekstur varð og ákoma á bifreið A er í miðri hlið hennar. Þegar það er metið í samræmi við framburð ökumanns B verður að telja að ökumaður bifreiðar A hafi verið búinn að gæta fyrirmæla 1. mgr. 17. gr. umferðarlaga um aðgát við akstur aftur á bak þegar árekstur varð en ökumaður bifreiðar B hafi ekki gætt þess nægilega. Verður því að leggja alla sök á ökumann bifreiðar B.

Niðurstaða.

Öll sök á ökumann bifreiðar B.

Reykjavík, 12. september 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.